



Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats á Ártúnsskóla febrúar 2015

Ytra mat á starfi Ártúnsskóla fór fram í febrúar 2015. Matið var framkvæmt af starfshópi um ytra mat leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Gagna var aflað með könnunum, viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið er: *Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess eru að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Aðstoða skóla við að efla skólastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar innra mati skólanna. Við matið voru notuð viðmið um gæði leikskólastarfs, viðmið um mat á gæðum grunnskóla og viðmið um gæði frístundastarfs. Viðmiðin fyrir leikskólastarfið og frístundastarfið voru mótuð á skóla- og frístundasviði en viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á grunnskólastarfið voru útbúin fyrir ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni mat á skólastarfi: <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

Viðmið um gæði leikskólastarfs hafa verið gefin út í bæklingi af skóla- og frístundasviði Reykjavíkur (2014). Viðmið um gæði frístundastarfs eru enn í mótun og hafa ekki verið gefin út. Í köflum um stjórnun, mannauð og innra mat voru viðmið leiksskóla, grunnskóla og frístundastarfs sameinuð þannig að í skýrslunni er fjallað sameiginlega um þessa þætti skólastarfsins. Kaflar um faglegt starf eru aðskildir fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili og kafli um skólabrag er með undirkafla sem eiga við hverja einingu samrekins skóla fyrir sig.

Í skýrslu úttektaraðila koma fram fjölmargar ábendingar um styrkleika skólans sem og tillögur til umbóta. Skólastjórnendur Ártúnsskóla hafa kynnt sér, og þeim er málið varðar, innihald skýrslunnar og sett fram tímasetta áætlun um með hvaða hætti brugðist verður við þeim tillögum og ábendingum er fram koma í skýrslunni.



Stjórnun fagleg forysta	Umbætur	Tímarammi	Ábyrgðaraðili
Stefnumótun	<p>Úr ytra mati: Vinna þarf stefnumótun fyrir Ártúnsskóla þar sem fram koma sameiginlegar áherslur í leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili ásamt sérstöðu hverrar einingar. En stefnumótun sem birtist í almennum hluta skólanámskrár og starfsáætlun ætti að geta gilt fyrir allar einingar Ártúnsskóla. Virkja þarf börn/nemendur og foreldra við mótun stefnunnar og endurskoðun.</p> <p>Stefna Ártúnsskóla var unnin í kjölfar á sameiningu skólans á vorönn 2012 og gildir fyrir allar starfseiningar, allir hagsmunaðilar komu að gerð hennar. http://www.artunsskoli.is/images/stories/pdf/skolinn/stefna_og_framtidarsyn_2015.pdf</p>	Stefna Ártúnsskóla er í sífellri endurskoðun. Stjórnendateymi og starfshópur um innra mat munu gera tillögur að matsáætlun til næstu fimm ára.	Stjórnendateymi
Mat á skólastarfi	<p>Úr ytra mati: Meta þarf með markvissum hætti framkvæmd einstakra þátta í stefnu skólans. Þar sem greinargerð um innra mat liggur ekki fyrir kemur ekki fram hvort eða hvernig stefnan er metin.</p> <p>Meta skal framkvæmd á hverri starfstöð og skýra sérstöðu hverrar einingar. Stefnu skólans skal kynna á starfmannafundi að hausti ár hvert auk þess að meta framkvæmd valinna þátta yfir skólaárið.</p>	Stefna Ártúnsskóla er í sífellri endurskoðun. Stjórnendateymi og starfshópur um innra mat 2015 - 2016 munu gera tillögur að matsáætlun til næstu fimm ára.	Stjórnendateymi
Faglegt samstarf leik- og grunnskóla og frístundaheimilis	<p>Úr ytra mati: Æskilegt er að efla enn frekar faglegt samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis um nám og leik og með hagsmuni barna/nemenda og foreldra í huga. Einnig þarf að samhæfa störf þeirra sem sjá um málefni barna/nemenda sem þurfa stuðning, námslega eða félagslega og tryggja boðleiðir fyrir nauðsynlegar upplýsingar. Lykilatriði er að styrkja samstarf í stjórnunarteymi sem í sitja stjórnendur allra eininga samrekins skóla og skýra verksvið þess.</p>	Frá upphafi skólaársins 2015 - 2016	Stjórnenda- og stuðningsteymi



	<p>Á skólaárinu verða teymisfundir með kennurum yngsta stigs, deildarstjórum og fulltrúa frístundar.</p> <p>Forstöðumaður námsvers, sérkennslustjóri leikskóladeildar og forstöðumaður frístundar mynda samstarfsteymi.</p> <p>Stjórnendur funda á tveggja vikna fresti auk þess sem starfslýsingar verða endurskoðaðar.</p>		
Endurgjöf og stuðningur	<p>Úr ytra mati: Efla þarf endurgjöf og stuðning stjórnenda við starfsmenn en rúmlega 30% starfsmanna sem svara starfsmannakönnun telja sig ekki fá endurgjöf og stuðning í starfi frá stjórnendum.</p> <p>Reglulegar heimsóknir stjórnenda í kennslustundir grunnskóla, uppeldis- og menntunarstarf leikskóla og fagstarf frístundar þar sem aukin tækifæri gefast til beinnar endurgjafar. Gátlistar/vöktunarlistar nýttir til að minna stjórnendur á mikilvægi þess að veita beina endurgjöf til kennara og starfsmanna.</p>	Frá upphafi skólaársins 2015 - 2016	Stjórnendateymi
Undirbúningstími	<p>Úr ytra mati: Leita þarf leiða til að tryggja deildarstjórum í leikskóla umsaminn undirbúningstíma.</p> <p>Undirbúningstími deildarstjóra hefur verið tryggður í skipulagi og framkvæmd.</p>	Er komið til framkvæmda	Skólastjóri og aðstoðarleikskól astjóri
Samstarf milli skólastiga og frístundaheimilis	<p>Úr ytra mati: Æskilegt er að auka samstarf milli skólastiga og við frístundaheimili um þróunar- og umbótaverkefni. Í símenntunaráætlun þarf að koma fram hvernig einstaklingar sækja sér símenntun. Sú áætlun sem liggur fyrir er grunnskólamiðuð og þyrfti að aðlaga hana að samreknnum skóla og frístundaheimili og gera sameiginlega símenntunaráætlun allra starfsmanna.</p> <p>Á skólaárinu verða teymisfundir með kennurum yngsta stigs, deildarstjórum og fulltrúa frístundar. Forstöðumaður námsvers, sérkennslustjóri leikskóladeildar og</p>	Símenntunaráætlun 2015 – 2016 nær til allra starfsmanna skólans.	Stjórnendateymi



	forstöðumaður frístundar mynda samstarfsteymi. Haustið 2014 fékk skólinn Erasmus+ styrk til tveggja ára. Þróunarverkefnið er „Áhrif sandleiks á nám og hegðun nemenda“. Verkefnið er þverfaglegt og nær til allra starfsstöðva. Símenntunaráætlun skólans er unnin af stjórnendateymi skólans og nær til allra starfsmanna skólans.		
--	--	--	--

Stjórnun stefnumótun og skipulag	Umbætur	Tími	Ábyrgðaraðili
Starfsáætlun	<p>Úr ytra mati: Æskilegt er að útbúa starfsáætlun og almennan hluta skólanámskrár sem tekur til allra eininga Ártúnsskóla hvað varðar sameiginlega þætti í stefnu og starfsháttum.</p> <p>Skólanámskrá Ártúnsskóla er í vinnslu en tryggt verður að almennur hluti hennar mun ná til allra eininga.</p>	2015 – 2016	Stjórnendur og starfshópur um gerð aðalnámskrár.
Skólanámskrá leikskóla	<p>Úr ytra mati: Í starfsáætlun leikskólans þarf að gera betri grein fyrir einstökum þáttum, s.s. símenntun og innra mati. Skólanámskrá fyrir leikskólann er aðeins til í drögum og svo virðist sem ekki sé unnið markvisst eftir þeim drögum í daglegu starfi. Móta þarf læsisáætlun fyrir leikskóla og grunnskóla sem sýnir samfellu í lestrarnáminu.</p> <p>Starfsáætlun leikskólans er í vinnslu. Þar verður tekið tillit til þessara þátta, í ágúst 2015 verður auk þess stofnaður starfshópur um innra mat sem nær til allra starfstöðva. Hafin er vinna við sameiginlega læsisstefnu skólans.</p>	Desember 2015 og læsisstefna haust 2015.	Skólastjóri, aðstoðar-leikskólastjóri og stuðningsteymi.



Móttökuáætlun	<p>Úr ytra mati: Útbúa þarf áætlun um móttöku nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi halda og fyrir nemendur af erlendum uppruna.</p> <p>Tryggja þarf aðkomu allra hagsmunaaðila að mótun og endurskoðun áætlana skólans og skólareglna.</p> <p>Á skólaárinu hefst vinna við áætlun um móttöku nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda og nemendur af erlendum uppruna.</p> <p>Starfshópur um innra mat mun setja fram verklag um þessa þætti.</p>	Skólaárið 2015 – 2016.	Stuðningsteymi
Skólaráð	<p>Úr ytra mati: Tryggja þarf að skólaráð endurspegli samrekinn skóla en enginn fulltrúi frístundaheimilis situr þar eins og er. Nemendur þekkja ekki fulltrúa sína í skólaráði og lítil sem engin upplýsingamiðlun er frá þeim. Nemendur virðast ekki fullgildir þátttakendur í ráðinu og eru aðeins boðaðir á suma fundi. Í rýnihópi stjórnar nemendafélags að þeir fá ekki mikla þjálfun eða kennslu fyrir setu í ráðinu en þeir telja að þeir geti „oftast“ haft áhrif á vettvangi ráðsins. Ekki virðast vera bein tengsl milli foreldrafélags og fulltrúa foreldra í skólaráði.</p> <p>Í skólaráði sitja nú þegar fulltrúar allra starfstöðva. Fulltrúar nemenda eru kosnir lýðræðislega fyrir aðalfundi nemendafélagsins FUÁ. Fulltrúar nemenda verða boðaðir á alla fundi eins og gert hefur verið undanfarin ár. Fulltrúarnir munu fá kynningu á hlutverki og störfum skólaráðs í upphafi skólaárs. Fulltrúar foreldra í skólaráði eru kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins ár hvert. Fulltrúar í foreldrafélagi og skólaráði funda ár hvert með stjórnendum.</p>	Er komið til framkvæmda.	Stjórnendateymi
		Er komið til framkvæmda.	Skólastjóri



Fundargerðir skólaráðs	<p>Úr ytra mati: Birta þarf allar fundargerðir skólaráðs á heimasíðu og æskilegt er að birta starfsreglur foreldrafélags á heimasíðu. Velja þarf fulltrúa nemenda í skólaráði lýðræðislegan hátt.</p> <p>Allar fundargerðir skólaráðs eru á heimasíðu skólans. Lög foreldrafélagsins eru á heimasíðu skólans og starfsáætlun félagsins er á skóladagatali. Fulltrúar nemenda eru kosnir lýðræðislega fyrir aðalfundi nemendafélagsins FUÁ.</p>	Er komið til framkvæmda.	Skólastjóri
-------------------------------	--	--------------------------	-------------

Uppeldis- og menntastarf	Umbætur	Tími	Ábyrgðaraðili
<p>Sköpun og sjónarmið leikskólabarna</p> <p>Læsi</p>	<p>Úr ytra mati: Almennt má bæta efnivið á deildum með tilliti til sköpunar, vísinda og fjölbreytni. Starfsfólk þarf í auknum mæli að nýta viðbrögð barnanna og hlusta eftir sjónarmiðum þeirra til að þróa viðfangsefni sem taka mið af hæfileikum og námsþörfum þeirra. Einnig að sjá til þess að börn setji sér markmið og komi með tillögur að leiðum í eigin námi og gefa þeim tækifæri til að koma að skipulagningu starfsins og hafa áhrif á viðfangsefni í daglegu starfi.</p> <p>Skólanámskrá leikskóla er í endurskoðun og tryggt verður sérstaklega að þessum þáttum verði gert hátt undir höfði. Hópastarf er í endurskoðun fyrir næsta starfsár og þess verður gætt í skipulagi að sjónarmiðum barnanna verði gert hátt undir höfði.</p> <p>Úr ytra mati: Efla þarf markvisst læsi í víðum skilningi og gera ritmál sýnilegra. Þróa enn frekar vinnu með heimamenningu barnanna. Gera þarf markvissa áætlun um mat á námi og framförum barna og vinna að skráningu á námi barna, til dæmis með ferilmöppum. Starfsfólk fái leiðbeiningar um skráningar.</p>	<p>Vor 2015 til ársloka</p> <p>Hafið, áætluð lok haust 2015</p> <p>Komið til framkvæmda</p>	<p>Aðstoðar-leikskólastjóri og deildarstjórar</p> <p>Skólastjóri, aðstoðar-leikskólastjóri og stuðningsteymi.</p>



<p>Samstarf skólastiga</p>	<p>Læsisstefna leikskóladeildar er í vinnslu. Nú þegar hefur verið brugðist við því að hafa ritmál sýnilegra og byrjað að vinna með ferilmöppur fyrir hvert leikskólubarn.</p> <p>Úr ytra mati: Efla enn frekar gagnkvæmt samstarf milli skólastiga og koma á markvissu samstarfi milli sérkennara grunnskóla og leikskóla þar sem mörg verkefni og tækifæri eru til staðar, s.s. þróunarverkefnið <i>Sandleikur og sögugerd</i>.</p> <p>Frá og með hausti 2015 hefur verið starfandi yngri barna teymi með kennurum yngsta stigs, deildarstjórum og fulltrúa frístundar. Auk þess er stuðningsteymi starfandi við skólann með forstöðumanni námsvers, sérkennslustjóri leikskóladeildar og forstöðumann frístundar mynda samstarfsteymi. Þróunarverkefni í sandleik mun flæða þvert á allar starfsstöðvar.</p>	<p>Komið til framkvæmda</p>	<p>Yngri barna teymi í grunnskóla, deildarstjórar leikskóla og stuðningsteymi.</p>
<p>Sjálfstæði leikskólubarna</p>	<p>Úr ytra mati: Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst erfitt í fataklefanum þar sem þau þurfa að bíða í öllum fötunum áður en þau mega fara út. Börnin vilja að starfsfólk virði sjálfstæði þeirra varðandi salernisferðir.</p>	<p>Haust 2015</p>	<p>Aðstoðar-leikskólastjóri og deildarstjórar</p>
<p>Einstaklingsnámskrár</p>	<p>Endurskoðun er hafin á verkferlum.</p> <p>Úr ytra mati: Tryggja þarf aðkomu foreldra að gerð og endurskoðun einstaklingsnámskrár.</p> <p>Frá næsta skólaári mun verða lögð áhersla á þátttöku foreldra við gerð einstaklingsnámskráa.</p>		<p>Stuðningsteymi</p>



Nám og kennsla nám og námsaðstæður	Umbætur	Tími	Ábyrgðaraðili
<p>Skólanámskrá</p> <p>Lýðræði, markmiðsetning og upplýsingatækni</p>	<p>Úr ytra mati: Ljúka þarf endurskoðun á námsvísun/námskrám greina og taka út eldri greinanámskrár af heimasíðu, þær eru gerðar út frá eldri aðalnámskrá og eru því ekki í samræmi við nýja skólanámskrá.</p> <p>Ný skólanámskrár leik- og grunnskóla eru í vinnslu og áætluð verklok í desember 2015 og vor 2016.</p> <p>Það er áskorun fyrir skólann að efla enn frekar áherslu á lýðræði og mannréttindi með virkari þátttöku nemenda í ákvörðunum um eigið nám og námsumhverfi. Einnig að gera skýrari grein fyrir markmiðum stundarinnar, leggja meiri áherslu á leiðbeinandi endurgjöf, auka áherslu á umræður, ígrundun og skoðanaskipti í námi og nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni.</p> <p>Til að virkja þátttöku og ábyrgð nemenda á eigin námi verður lögð áhersla á aukið val hjá nemendum s.s. í svæðavinnu og hringekju og að setja sér markmið fyrir önnina.</p> <p>Í öllum kennslustofum verða markmið mánaðarins, vikunnar og hverrar kennslustundar sýnileg og þátttaka nemenda tryggð í þeirri markmiðasetningu. Endurgjöf til nemenda sé ávallt í forgrunni og nemendum leiðbeint jafnóðum í námi. Hafin er uppbygging á þráðlausu neti og kaup á far- og spjaldtölvum.</p> <p>Úr ytra mati: Leita þarf leiða til að bæta aðstöðu á skólalóð leik- og grunnskóla en bæði hjá foreldrum og starfsfólki komu</p>	<p>Komið til framkvæmda</p> <p>Komið til framkvæmda að hluta og frá og með hausti 2015.</p>	<p>Starfshópur um gerð aðalnámskrár</p> <p>Skólastjóri, aðstoðar-skólastjóri og kennarar</p>



<p>Skólalóð</p>	<p>fram athugasemdir vegna skólalóðar sem þykir ekki nógu örugg, þar vanti göngustíga og lýsingu.</p> <p>Skólastjóri Ártúnsskóla hefur ítrekað bent á að þörf sé á endurbótum á skólalóðinni í heild sinni. Auk þess hefur skólaráð sent fyrirspurn til borgarstjóra um málefnið. Ekki hafa borist skýr svör um hvenær lóðin sé á aðgerðaáætlun.</p>	<p>Áfram verður komið með ábendingar og fyrirspurnir varðandi endurbætur á skólalóð</p>	<p>Skólastjóri og skólaráð</p>
------------------------	--	---	--------------------------------

<p>Nám og kennsla Þátttaka og ábyrgð nemenda</p>	<p>Umbætur</p>	<p>Tími</p>	<p>Ábyrgðaraðili</p>
<p>Þátttaka nemenda í skólaráði</p>	<p>Úr ytra mati: Tryggja þarf fulla þátttöku nemenda í skólaráði og að þeir séu lýðræðislega valdir, nemendur eru aðeins boðaðir á tvo fundi skólaráðsins á ári og ekki virðist gert ráð fyrir að þeir miðli upplýsingum til samnemenda sinna um umræður og ákvarðanir ráðsins. Eins er ekki ljóst hvort þeir eru valdir eða kosnir lýðræðislegri kosningu.</p> <p>Fulltrúar nemenda í skólaráði munu fá tækifæri til að miðla upplýsingum til samnemenda sinna á sal og/eða með heimsóknum í hópa.</p>	<p>Komið til framkvæmda</p>	<p>Aðstoðar-skólastjóri</p>
<p>Aukin ábyrgð nemenda á eigin námi</p>	<p>Úr ytra mati: Auka þarf ábyrgð nemenda á eigin námi með skýrri markmiðssetningu í upphafi kennslustunda og viðmiðum um þann árangur sem stefnt er að og kenna nemendum að setja sér eigin markmið í námi í samráði við kennara og foreldra.</p> <p>Til að virkja þátttöku og ábyrgð nemenda á eigin námi verður lögð áhersla á aukið val hjá nemendum s.s. í svæðavinnu og þeim hjálpað til að setja sér markmið.</p> <p>Í kennslustundum verður markmið hvernar kennslustundar</p>	<p>Komið til framkvæmda</p>	<p>Skólastjóri, aðstoðar-skólastjóri og kennarar</p>



	sýnilegt og þátttaka nemenda tryggð í þeirri markmiðasetningu. Í skólasamtali í október ræða umsjónarkennari við nemanda og foreldra um áhugasvið nemandans og fundnar verða leiðir til að mæta þeim á sem fjölbreyttasta hátt í náminu.		
--	--	--	--

Nám og kennsla námsaðlögun	Umbætur	Tími	Ábyrgðaraðili
Samstarf un stuðning og sérkennslu	<p>Úr ytra mati: Æskilegt er að auka samstarf um stuðning og sérkennslu í leikskóla, grunnskóla og á frístundaheimili og samnýta aðstöðu og sérfræðipækkingu milli skólastiga. Gera mætti enn betur með því að leyfa áhuga nemenda og styrkleikum að njóta sín í náminu, láta það koma fram í námsframboði og námsvísunum og koma til móts við bráðger börn með verkefnum við hæfi.</p> <p>Búið er að stofna stuðningsteymi sem fundar reglulega. Í stuðningsteymi eru þroskaþjálfari, forstöðumaður námsvers, sérkennslustjóri leikskólans og forstöðumaður frístundar.</p> <p>Til að virkja þátttöku og ábyrgð nemenda á eigin námi verður lögð áhersla á aukið val hjá nemendum s.s. í svæðavinnu og að setja sér markmið. Í öllum kennslustundum verður markmið hverrar kennslustundar sýnilegt og þátttaka nemenda tryggð í þeirri markmiðssetningu. Í skólasamtali í október ræða umsjónarkennari/deildarstjóri við nemanda og foreldra um áhugasvið nemandans og fundnar leiðir til að mæta þeim á sem fjölbreyttasta hátt í náminu/starfinu.</p>	Skólaárið 2015 – 2016	Stjórnendur, stuðnings-teymi og kennarar
Þátttaka foreldra við gerð einstaklingsnámskráa	<p>Úr ytra mati: Tryggja þátttöku foreldra og aðkomu nemenda að setningu einstaklingsmarkmiða. Foreldrum er sýnd</p>	Skólaárið 2015 - 2016	Stuðnings-teymi,



	<p>einstaklingsnámskrá sem gerð er fyrir nemanda en þeir koma ekki að því að móta áherslur eða markmið og ekki nemendur sjálfir heldur. Tryggja þarf kennurum ráðgjöf og fræðslu til að mæta þörfum allra nemenda en fram kemur í viðtali að leitað er til þjónustumiðstöðvar eftir ráðgjöf þegar þörf krefur.</p> <p>Frá næsta skólaári mun verða lögð áhersla á þátttöku foreldra við gerð einstaklingsnámskráa. Drög námskránna verða send til foreldra til yfirlestrar og athugasemda í vinnsluferlinu. Nemendaverndarráð vísar málum áfram og óskar eftir ráðgjöf hjá utanaðkomandi aðilum þegar á þarf að halda. Að öðru leyti sér lausnarteymi um ráðgjöf innan skólans.</p>		kennarar og deildarstjórar á leikskóla
--	---	--	--

Frístundastarf	Umbætur	Tími	Ábyrgðaraðili
Upplýsingatafla	Úr ytra mati: Bæta mætti myndrænar skýringarmyndir fyrir börnin og staðsetningar á skilaboðum til barna og foreldra, t.d. með því að setja upplýsingatöflu fyrir foreldra fyrir framan Skólasel eða stóra valtöflu þar sem einnig væri hægt að setja upplýsingar fyrir foreldra. Skoða möguleika á að nýta betur náttúruna umhverfis skólalóðina, s.s.Elliðaárdalinn og	Komið til framkvæmda	Forstöðumaður frístundar og verkefnastjóri útínáms



<p>Aðgerðaáætlun</p>	<p>Ártúnsbrekku.</p> <p>Sett hefur verið upp val- og upplýsingatafla í Skólaseli. Í öllu starfi Ártúnsskóla er markvisst lögð áhersla á að nýta umhverfi skólans til útináms.</p> <p>Úr ytra mati: Ekki er til aðgerðaráætlun fyrir frístundaheimilið, en handbókin kemur að vissu leyti í staðinn. Þar myndi þá helst vanta hvað á að gera nýtt á viðkomandi starfsári út frá stefnu og áætlunum skólans og starfsskrá frístundamiðstöðva SFS. Eins þarf að leiðrétta verð fyrir gjald á löngum dögum í handbókinni.</p> <p>Aðgerðaáætlun frístundaheimilisins er í endurskoðun. Gjaldskrá frístundaheimilisins hefur verið uppfærð.</p>	<p>Komið til framkvæmda</p>	<p>Forstöðu- maður frístundar og skólastjóri</p>
<p>Síðdegishressing</p>	<p>Úr ytra mati: Huga þarf að meiri hollustu og fjölbreytni í síðdegishressingu. Hvatningu um hreinlæti mætti bæta með því að setja leiðbeiningar á salerni í hæð barnanna. Eins er lagt til að börnin fái diska undir síðdegishressinguna.</p> <p>Gæta þarf að því að börnin séu klædd í samræmi við veður og viðfangsefni. Hvatningu til sjálfsábyrgðar mætti bæta með því að þau gerðu meira sjálf í síðdegishressingu og að eldri börnum sé leiðbeint með að koma sér sjálf á æfingar (s.s. sýna þeim hjólaleiðir). Æskilegt er að nýta umhverfið á markvissan hátt til útilífs, sjálfstæðis, óformlegs náms og sköpunar.</p> <p>Endurskoðun á síðdegishressingu er lokið og bætt með tilliti til mannelismarkmiða. Börnin í Skólaseli fá að koma með óskir um síðdegishressingu a.m.k. einu sinni í mánuði. Í öllu starfi Ártúnsskóla er markvisst lögð áhersla á að nýta umhverfi skólans til útináms. Ef börnin eru ekki nægilega vel klædd er haft samband við foreldra/forráðamenn þeirra.</p> <p>Þátttaka barna og ábyrgð er þjálfuð frá því á leikskóla með því</p>	<p>Komið til framkvæmda</p>	<p>Forstöðu- maður frístundar, matráður og forráðamenn</p>



Skipulag og frjáls leikur	<p>að sinna hlutverki umsjónarmanns, í grunnskóla eru alltaf tveir nemendur umsjónarmenn á matsal og bóksafni. Í Skólaselí aðstoða nemendur í síðdegishressingu.</p> <p>Úr ytra mati: Gefa má sjálfsprottum leik og athöfnum barna meira rými í frístundatímunum sem koma inn í skólalaginn. Hluti starfsfólks er ekki nógu virkur í að leiðbeina og taka þátt í leik barna þegar það á við, en aðrir mjög virkir. Skólasel mætti vera virkara í að halda viðburði í tengslum við viðburði skólans, s.s. í föstudagssamveru. Vinna mætti meira með reynslunám, t.d. í náttúrunni umhverfis frístundaheimilið.</p> <p>Úr ytra mati: Huga þarf að því að hafa jafnvægi á milli rólegra leikja og hreyfileikja í vali. Virkja mætti börnin meira með í starfinu, þannig að þau hafi meira að segja um viðfangsefnið og skipulag starfsins. Ekki er víst að börn í 1. og 2. bekk geti nýtt sér það að setja skriflegar hugmyndir í hugmyndakassa, mætti vera meira um umræðu og fjölbreyttari leiðir til að fá fram hugmyndir barnanna. Nýta aðferðir barnalýðræðis til að ná fram hugmyndum allra barna og virkja þau enn frekar í að hafa áhrif á starfið. Setja mætti á laggirnar barnaráð sem gæti m.a. haft það hlutverk að vinna úr hugmyndum sem koma í hugmyndakassann. Kanna mætti möguleika á að börnin hefðu meira um leiksvæðin sín að segja, sérstaklega aðstöðu fyrir 2. 3. og 4. bekk. Æskilegt væri að vinnamarkvisst með Barnasáttmálann í starfinu. Gefa mætti börnunum tækifæri til að skipuleggja viðburði frá a-ö, koma með hugmyndir að viðburðum og framkvæma þær alla leið. Fjölga mætti verkefnum sem börnin bera ábyrgð á í starfinu, s.s. við ákveðin verkefni í síðdegishressingu, að fylgjast sjálf með tímanum þegar þau eru að fara á æfingar, ganga frá útifötum og leikföngum.</p>	Skólaárið 2015 – 2016	Forstöðu- maður og starfsmenn Skólans
----------------------------------	---	-----------------------	--



Einstaklingsnámskrár	<p>Í Skólaseli er áhersla á fjölbreytni í starfinu, sköpun, skipulagðan leik, val, útiveru og hópa- og klúbbastarf. Leitað hefur verið leiða til að starfsmenn í Skólaseli taki meiri ábyrgð á skipulagi og framkvæmd. Nú þegar hafa verið haldnir skemmtilegir viðburðir í Skólaseli, s.s. hæfileikakeppni og íþróttamót. Foreldrar voru velkomnir. Tvisvar á ári er opið hús og vorið 2016 er stefnt að því að hafa sameiginlega vorhátíð í leikskóla og Skólaseli. Í öllu starfi Ártúnsskóla er markvisst lögð áhersla á að nýta umhverfi skólans til útináms. Stefnt er að því að því að stofna barnaráð í Skólaseli frá hausti 2015 og í framhaldi af því verður unnið með Barnasáttmálann, hugmyndakassar sýnilegir og kynntir fyrir börnunum. Börnin fá tækifæri til að vera með og bera ábyrgð á skipulagningu viðburða s.s. hæfileikakeppni.</p> <p>Úr ytra mati: Huga þarf að þátttöku foreldra í gerð einstaklingsáætlunar fyrir börn sem þurfa stuðning og huga að móttöku og upplýsingum fyrir börn/foreldra með annað móðurmál en íslensku. Í móttökuáætlun Ártúnsskóla varðandi börn með annað móðurmál en íslensku kemur ekkert fram varðandi aðlögun á frístundaheimilið, það mætti bæta. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður frístundaheimilis sé með í móttökuvíðtali í grunnskóla. Skoða þarf hvernig markvisst er unnið með fjölmenningu og jafnrétti og huga betur að jöfnum tækifærum stúlkna og drengja í íþróttahúsinu.</p> <p>Á skólaárinu 2015 – 2016 hefst vinna við áætlun um móttöku nemenda sem þurfa á sérstöku m stuðningi að halda og nemendur af erlendum uppruna. Móttökuáætlunin mun ná til allra starfstöðva. Leita verður leiða til að efla þátttöku foreldra við gerð einstaklingsáætlana s.s. með tölvupóstsamskiptum. Forstöðumaður Skólasels situr alla skilafundi sem við á og býður upp á viðtöl fyrir foreldra í upphafi skólaárs og oftár ef</p>	2015 - 2016	Stuðnings- teymi, kennarar og deildarstjórar
-----------------------------	--	-------------	---



	<p>þörf er á. Í skólanum er lögð áhersla á markvissa kennslu í lífsleikni, skólinn er heilsueflandi og þátttakandi í grænánaverkefni. Síðasta vetur var t.d. unnið markvisst með jafnrétti og þrautseigju og áður hefur verið unnið með nærsamfélagið og árangur svo eitthvað sé nefnt.</p>		
--	---	--	--

Skóla- og staðarbragur leikskóli	Umbætur	Tími	Ábyrgðaraðili
Upplýsingagjöf til foreldra	<p>Úr ytra mati: Mikilvægt er að tryggja reglulega miðlun upplýsinga til foreldra leikskólabarna og nýta til þess fjölbreyttar leiðir. Stjórnendateymi leikskólans þarf að koma á samræmdu verklagi í upplýsingagjöf til foreldra og skoða fjölbreyttar leiðir til að auka þátttöku foreldra í leikskólastarfinu þar sem nokkuð skortir á markvisst samstarf við foreldra leikskólabarna um námið. Einnig þarf að leita markvisst eftir hugmyndum og tillögum frá foreldrum um leikskólastarfið og sjá til þess að foreldrar taki þátt í að meta nám og framfarir barnsins.</p> <p>Miðlun upplýsinga er tryggð með því að skipulag mánaðarins hangir uppi í fataklefa ásamt dagskipulagi og er auk þess á heimasíðu. Upplýsingar til foreldra eftir daginn eru á tilkynningatöflu. Frá hausti 2015 munu deildarstjórar senda tölvupóst til foreldra með fréttir frá vikunni.</p>	Komið til framkvæmda	Aðstoðar-leikskólastjóri og deildarstjórar
Þátttaka nemenda	<p>Æskilegt er að veita börnunum tækifæri til að taka þátt í að búa til reglur leikskólans.</p>	Komið til framkvæmda	Aðstoðar-skólastjóri og



<p>Heimasíða</p>	<p>Rýnihópafundir þar sem rætt er við börnin og þau geta komið skoðunum sínum á framfæri.</p> <p>Á heimasíðu skólans þarf að setja upplýsingar um leikskólann skýrar fram og til jafns við grunnskólann.</p> <p>Á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um leikskólann til jafns við grunnskólann. Marmið næsta skólaárs er að setja inn fleiri fréttir frá leikskólanum.</p>	<p>Komið til framkvæmda</p>	<p>deildarstjórar</p> <p>Aðstoðar-leikskólastjóri</p>
<p>Skólalóð</p>	<p>Bæta þarf leikaðstöðu á skólalóð leikskólans en í foreldrakönnun komu fram óánægjuraddir með útileikaðstöðu.</p> <p>Skólastjóri Ártúnsskóla hefur ítrekað bent á að þörf sé á endurbótum skólalóðarinnar í heild sinni.</p>	<p>Áfram verður ítrekunum beint til Skóla- og frístundaráðs og umhverfis- og skipulagssviðs</p>	<p>Skólastjóri og skólaráð</p>

Skóla- og staðarbragur grunnskóli	Umbætur	Tími	Ábyrgðaraðili
<p>Skólabragur</p>	<p>Úr ytra mati: Í skólanámskrá þarf að koma fram hvaða leiðir skólinn notar til að efla samkennd, tillitssemi og virðingu í samskiptum. og gera þarf grein fyrir hvaða leiðir eru farnar til</p>	<p>2015 – 2016</p>	<p>Starfshópur um lífsleikni og</p>



<p>Eineltisáætlun</p>	<p>að innleiða og viðhalda góðum skólabrag.</p> <p>Í skólanámskrá sem er í vinnslu munu þessum þáttum verða gerð góð skil.</p> <p>Ekki kemur fram hverjir hafa komið að gerð eineltisáætlunar, en æskilegt er að foreldrar og nemendur eigi hlutdeild í gerð hennar. Einnig þarf að láta koma skýrt fram að áætlun um einelti nái einnig til starfsemi innan Skólaselsins.</p> <p>Eineltisáætlunin var endurskoðuð skólaárið 2012 – 2013 og verður tekin til endurskoðunar á næsta skólaári.</p> <p>Gæta þarf þess að fulltrúar nemenda í skólaráði séu kosnir lýðræðislegri kosningu og séu fullgildir þátttakendur í störfum ráðsins.</p> <p>Fulltrúar í skólaráði voru kosnir lýðræðislegri kosningu vorið 2015. Fulltrúarnir eru boðaðir á alla fundi skólaráðs og fá undirbúning fyrir starfið að hausti.</p>	<p>2015 – 2016</p> <p>Komið til framkvæmda</p>	<p>heilsueflandi skóla og starfshópur um gerð skólanámskrár</p> <p>Stjórnenda-teymi</p> <p>Aðstoðar-skólastjóri</p>
------------------------------	--	--	---

Skóla- og staðarbragur frístundaheimili	Umbætur	Tími	Ábyrgðaraðili
Gildi og foreldrasamstarf	Gera mætti grein fyrir því hvernig unnið er út frá gildum skólans í frístundastarfinu og vinna út frá þeim á markvissari hátt. Formgera þarf samstarf við foreldra, t.d. með kynningu á	Haust 2015	Forstöðumaður frístundar



	<p>starfinu, samstarfi við skólaráð og bjóða upp á foreldraviðtöl, en í viðtali við forstöðumann kom fram að það stæði til næsta haust.</p> <p>Aðgerðaáætlun Skólasels er í vinnslu þar sem meðal annars verður útskýrt hvernig unnið er með gildi skólans.</p> <p>Í skólabyrjun 2015 verður boðið upp á foreldraviðtöl við forstöðumann frístundaheimilisins auk þess sem tvisvar á ári er opið hús fyrir foreldra. Foreldrar eru einnig ávallt boðnir velkomnir á allar uppákomur í Skólaseli.</p>		
--	--	--	--

Mannauður	Umbætur	Tími	Ábyrgðaraðili
-----------	---------	------	---------------



Verkaskipting stjórnenda og faglegt samstarf deilda.	<p>Úr ytra mati: Skerpa þarf á verkaskiptingu stjórnenda og efla samstarf í stjórnendateymi skólans enn frekar. Æskilegt er að auka faglegt samstarf milli leikskólans og grunnskólans til að skapa meiri samfellu í námi barnanna en í rýnihópum kom fram að starfsfólk leikskólans er ekki í miklum samskiptum eða samstarfi við starfsfólk í grunnskólanum og á frístundaheimilinu. Dagleg samskipti grunnskólakennara og starfsfólks í Skólaseli eru meiri en ekki er mikið faglegt samstarf þar á milli. Fram kom einnig í rýnihópum að samræma þarf verklag og starfsaðferðir milli deilda í leikskólanum.</p> <p>Verkaskipting stjórnenda er skýr en þess verður gætt að auglýstir teymisfundir standist. Í nýrri skólanámskrá er svæðavinna sem tekur til allra starfstöðva skólans auk þess sem vinna við þróunarverkefni er hafin og fleiri bætast við á haustdögum sem munu ná til allra starfstöðva. Á næsta skólaári verða fundnar leiðir til að auka samstarf starfsmanna á öllum þremur starfstöðvunum. Í leikskólanum er hafin vinna með samræmingu verklags og starfsaðferða.</p>	Haust 2015	Stjórnendateymi
Leikskóli starfsumhverfi	<p>Leita þarf allra leiða til að fjölga leikskólakennurum og tengja leikskólastarfið enn frekar við aðalnámskrá leikskóla. Verkaskiptingu varðandi faglegt starf leikskólans þarf að skýra betur og gæta þess eins og kostur er að deildarfundir falli ekki niður og að kjarasamningsbundinn undirbúningstími leikskólakennara falli ekki niður vegna manneklu. Tryggja þarf að allt starfsfólk skólans skrifi undir yfirlýsingu um trúnað í starfi.</p> <p>Allar lausar stöður eru auglýstar og reynt eftir fremsta megni að fjölga leikskólakennurum. Skólanámskrá leikskólans er í vinnslu. Breytt skipulag hefur orðið til þess að</p>	Komið til framkvæmda	Skólastjóri



<p>Samskipti</p>	<p>deildarstjórafundir halda sér og þess er gætt að að samningsbundinn undirbúningstími leikskólakennara falli ekki niður. Allir starfsmenn leikskólans skrifa undir starfslýsingu um trúnað í starfi.</p> <p>Úr ytra mati: Móta þarf verklag varðandi samskiptavandamál í starfsmannahópnum og gera áætlun um viðbrögð við einelti og áreitni í hópnum.</p> <p>Unnin verður áætlun um samskipti og samskiptavandamál í starfsmannahópnum haustið 2015. Stuðst verður við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar og jafnframt stuðst við leiðbeiningar um áreitni og einelti frá Reykjavíkurborg.</p>	<p>Haustið 2015</p>	<p>Stjórnenda teymi ásamt starfsmannahópnum</p>
<p>Aðbúnaður og skólalóð</p>	<p>Úr ytra mati: Í starfsmannakönnun og í rýnihópum kom fram að huga þyrfti á endurbótum á húsgögnum og búnaði leikskólans, bæta tækjakost og aðgengi að netinu og gera úrbætur á skólalóðinni. Ekki er góð fundaraðstaða í leikskólanum og nýta þarf undirbúningsherbergi fyrir foreldrasamtöl. Leita þarf leiða til að bæta vinnuáðstöðu starfsmanna í frístund, t.d. aðstöðu fyrir forstöðumann frístundar og aðstöðu fyrir fatnað og persónulega muni starfsmanna. Gerðar eru athugasemdir við síðdegishressingu á frístundaheimilinu.</p> <p>Í fjárhagsáætlun er ekki gert ráð fyrir neinni endurnýjun á húsbúnaði og tækjakosti. Gerð hefur verið endurnýjunaráætlun til næstu fimm ára fyrir leikskólann. Síðustu misseri hefur verið bætt úr tækjakosti eins og hægt er. Búið er að sækja þráðlaust net fyrir leikskólann til UTD. Varðandi skólalóðina hefur skólastjóri og skólaráð ítrekað bent á þörf á endurbótum. Í grunnskólanum er góð fundaraðstaða og hún er samnýtt fyrir allar starfstöðvar skólans. Allir starfsmenn hafa aðgengi að</p>	<p>Komið til framkvæmda og verður fylgt eftir</p>	<p>Skólastjóri og aðstoðar-leikstjóri</p>



Heimasíða	<p>læstum skápum og gott fatahengi er í grunnskólanum sem nýtist bæði fyrir starfsmenn grunnskóla og frístundar.</p> <p>Heimasíða skólans endurspeglar mest starfsemi grunnskólans en leikskólinn og frístundaheimilið þyrftu að vera sýnilegri á síðunni til að miðla upplýsingum um allt starf innan skólans á markvissan hátt.</p> <p>Á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um allar starfsstöðvar. Marmið næsta skólaárs er að setja inn fleiri fréttir frá leikskólanum og Skólaseli</p>	Haust 2015	Stjórnenda- teymi
------------------	---	------------	----------------------



Innra mat	Umbætur	Tími	Ábyrgðaraðili
Skólanámskrá	<p>Birta þarf upplýsingar um innra mat í skólanámskrá svo þar komi fram hvernig stefna skólans er metin og lýsa helstu leiðum sem skólinn fer til að meta skólastarfið. Einnig þarf að meta markmið skólanámskrár og skilgreina viðmið um árangur.</p> <p>Skólanámskrá er í vinnslu og vinnulok eru áætluð vorið 2016. Þar mun verða tekið tillit til þessara þátta.</p>	Vor 2016	Starfshópur um gerð skólanámskrár
Matsáætlun	<p>Úr ytra mati: Gera þarf matsáætlun sem nær til leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis og greinargerð um innra mat sem nær til allra deilda skóla-og frístundastarfsins þar sem m.a. kemur fram að hve miklu leyti árangur sem stefnt er að hefur náðst. Nauðsynlegt er að skýra hvernig umbótaverkefni tengjast greiningu á niðurstöðum innra mats.</p> <p>Haustið 2015 verður skipaður starfshópur um innra mat með fulltrúum allra starfsstöðva. Hlutverk hans verður að uppfæra áætlun um innra mat og aðferðir til að meta skólastarfið.</p>	2015 - 2016	Stjórnenda- og matsteymi